



Minjastofnun  
Íslands

The Cultural  
Heritage Agency  
of Iceland

Alþingi - Umhverfis- og samgöngunefnd  
Tjarnargötu 9  
101 Reykjavík

Reykjavík, 3. maí 2024  
MÍ202404-0156/ 0.01 / G.Ó.

## Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun, 900. mál.

Með tölvupósti, dags. 19. apríl 2024, sendi Umhverfis- og samgöngunefnd Alþingis til umsagnar frumvarp til laga um breytingu á lögum um verndar- og orkunýtingaráætlun (virkjunarkostir í vindorku), 900. mál.

Samkvæmt 5. gr. frumvarpsins er lagt til að á eftir 10. gr. laga nr. 48/2011 um verndar- og orkunýtingaráætlun komi ný grein, 10. gr. a, ásamt fyrirsögn, svohljóðandi:

*Sérstök málsmeðferð tiltekinna virkjunarkosta í vindorku í þágu orkuskipta og kolefnishlutleysis.*

Við mat á virkjunarkostum í vindorku skal verkefnisstjórn kanna hvort einstakir virkjunarkostir uppfylli eftirfarandi skilyrði:

b. Virkjunarkosturinn er innan landsvæðis sem almennt telst hafa vera raskað af mannavöldum.

c. Virkjunarkosturinn er ekki talinn rýra um of mikilvæga verndarhagsmuni svæða sem njóta verndar að lögum né annarra nærliggjandi svæða sem njóta sérstöðu á landsvísu vegna náttúruminja, menningarminja eða atvinnustarfsemi sem tengist slíkum svæðum.

Bent er á að eðli málsins samkvæmt eru svæði sem njóta sérstöðu vegna menningarminja röskuð af mannavöldum. Minjavarðslan felst í því að varðveita hið raskaða, ummerki sem mannfólkið hefur skilið eftir sig í gegnum aldirnar. Lagt er því til að gerð verði breyting á orðalagi b. liðar til þess að skýra betur við hvað er átt. Til dæmis:

b. Virkjunarkosturinn er innan landsvæðis sem almennt telst hafa verið raskað af mannavöldum, sbr. þó menningarlandslag samkvæmt lögum nr. 80/2012 um menningarminjar.

Gísli Óskarsson  
Lögfræðingur  
gisi@minjastofnun.is

Fyrir hönd Minjastofnunar Íslands,

A handwritten signature in blue ink, appearing to read 'Gísli Óskarsson'.

Gísli Óskarsson

Sviðsstjóri lögfræðisviðs